

**N Á M S F L O K K A R**  
**H A F N A R F J A R Ð A R**  
miðstöð símenntunar

Skólbraut 1 220 Hafnarfjörður  
Sími 585-5860  
Netfang: [namsflokkar@hafnarfjordur.is](mailto:namsflokkar@hafnarfjordur.is)  
Vefstöð : [www.nhms@hafnarfjordur.is](http://www.nhms@hafnarfjordur.is)  
Kt: 590169-7579

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/839  
komudagur 22.12.2009

Umsögn um þskj. 262- 233. mál.

Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. (Lagt fyrir Alþingi á 138.æ löggjafarþingi 2009-2010.)

#### **Almennt álit:**

Þess er saknað að frumvarpið taki ekki betur til símenntunar í þeim anda sem fræðslumiðstöðvar hafa verið að starfa í:

Okkur finnst skorta á fyrsta kaflann varðandi markmið – þar að segja að frumvarpið taki líka til almennt símenntunar á breiðum grunni í þeim anda sem fræðslumiðstöðvanna hafa verið að sinna: að ekki sé eingöngu hugsað um að koma einstaklingum með stutta formlega skólagöngu í formlegt ferli (þó svo það sé góðra gjalda vert). Það hljómar eins og eingöngu sé um viðbót að ræða við það hlutverk sem framhaldsskólinn gegnir. Vantar þá aðra þætti sem fræðslumiðstöðvar sinna eins og fullorðins fræðslu og símenntun fullorðinna.

Markmiðin sem sett eru upp og skilgreiningar á þeim virðast gefa til kynna að frumvarpið sé smíðað fyrir ákveðinn aðila. Þá dettur okkur helst í hug að það sé gert út frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins til þess að skipa henni ákveðið hlutverk og lögtengdan farveg. Efnislega virðist þetta frumvarp falla mjög vel að starfsemi FA.

Það er mikilvægt að fullorðinsfræðsla í landinu fái í heild sinni viðurkenningu. Það vantar almennari og breiðari tón í frumvarpið. Það sem einkennir fullorðinsfræðslu er að fullorðið fólk býr að mismunandi reynslu og þekkingu sem hægt er að mæta með sveigjanleika þegar að umsjónarmenn fræðslunnar og einkum kennarar eru nægilega færir til þess.

Annað er hvað varðar stjórn fræðslusjóðsins: Þar hefðum við viljað sjá tvo fulltrúa frá samtökum sveitarfélaga í sjóðsstjórn. Öll þessi starfsemi fer fram innan vébanda sveitarfélaga. Ekki dugar að hafa einn fulltrúa sameiginlega með fjármálaráðuneyti. Sveitarfélögin eru í flestum tilfellum stærsti aðilinn sem kemur að fræðslumiðstöðvum og svo t.d. starfsendurhæfingu. Sveitarfélögin koma beint og óbeint að rekstri fræðslumiðstöðva ekkert síður en verkalýðsfélögin – sveitarfélögin leggja oft til fé og sjá jafnvel um reksturinn og einstaklingarnir auðvitað búa í þeim.


Álit okkar er að það vanti **breiðari grunntón** í frumvarpið

Frumvarpið eins og það kemur fyrir núna snýst allt um að búa til stuðning varðandi almenna fræðslu fyrir þá sem hafa litla formlega skólagöngu með formlegum hætti, og þá skapa grundvöll fyrir raunfærnimat. Raunfærnimat má líka skynja í víðara samhengi eins og fyrir þá sem hafa góða menntun en vilja breyta um starfsvettvang.

Frumvarpið eins og það kemur fram er góðra gjalda vert, en það vantar breiðari tónn í það sem tekur mið af heildarstarfsemi fræðslumiðstöðva. Þær ganga að mörgu leyti út á það að brúa félagsleg bil, jafnvel óháð fyrri menntun.

Rökin fyrir því að almennari breiðari tónn eigi að vera í frumvarpinu eru þau að fullorðinsfræðsla tekur ekki eingöngu til þess frumvarpið tekur fyrir. Það hefði verið nær lagi miðað við alla verkþætti og framvindu að taka fyrir frumvarp um símenntun. Þar með væri kominn stefnumótandi grundvöllur fyrir málaflokk sem hefur samfélagsbætandi áhrif.

Fyrir hönd Miðstöðvar símenntunar í Hafnarfirði,



Finnur Þ. Gunnþórsson  
Aðstoðarforstöðumaður

Námsflokkar Hafnarfirðar  
Haustönn